



Geðveik saga

Eftir Sebastian Fitzek

Í meðferð, Bjartur 2009, 280 bls.

Geðlæknirinn Viktor er að missa vitið vegna þess að Jósefína, tólf ára gömul dóttir hans, hvarf á dularfullan hátt. Hjúabandið er í molum og hann hefur ekki haft sjúkling til meðferðar í fjögur ár. Hann dregur sig í hlé frá skarkala heimsins á afskekktu eyju til að grufla í dótturhvarfinu og fyrr en varir gerast undarlegir atburðir. Hin dularfulla Anna Spiegel, bráðhugguleg kona með geðklofa, leitar á náðir Viktors en hún er rithöfundur og sér allar skáldsagnapersónur sínar lifna við. Ein þeirra er einmitt Jósefína og vonast Viktor til að geta grafist fyrir um örlög hennar í gegnum sögu Önnu.

Í meðferð er mjög myndræn og minnir um margt á svarthvíta kvikmynd með drungalegum senum, dimmum herbergjum og stormi sem hvín. Brátt læðist sá grunur að lesanda að ekki hafi allt verið með felldu hjá litlu fyrirmyndarfjölskyldunni áður en Jósefína hvarf. Það er alltaf erfitt að lesa um illa meðferð á börnum og í þessari bók er lesandanum ekki hlíft. Það er mikil spenna og stress í sögunni, Viktor svitnar og skelfur, sefur illa, alls konar hljóð heyrast, fólk hverfur og birtist á ný, veðrið versnar og símasambandið rofnar. Óráð Viktors eykst eftir því sem hann heyrir meira af sögu Önnu og brátt getur hann varla gert mun á veruleika og geðveiki. Stundum rofar til og þá er Viktor að reyna að lækna sjálfan sig með nýstárlegri meðferð/þerapíu hjá ungum og sprækum geðlækni en lögfræðingar bíða eins og hrægammar eftir því að hann komist til sjálfs sín svo hægt sé að sækja hann til saka fyrir morð.

Söguþráðurinn er jafnóreiðukenndur og truflað geð Viktors og erfitt að hafa samúð með vingulshætti hans, svitakófum og dáðleysi. En spennan er vissulega til staðar og varla hægt að leggja bókina frá sér án þess að komast til botns í því hvernig stendur á öllum þessum furðulegu atburðum.

Á frummálinu heitir bókin *Die Therapie, Psychothriller*. Oft taka þýðendur sér skáldaleyfi við að þýða bókartitla og það hefði mátt gera í þessu tilviki. *Í meðferð* er að því leyti villandi titill að á íslensku tengist hann miklu frekar áfengismeðferð í huga fólks en þerapíu hjá geðlækni. Myndin á bókarkápu sýnir þar að auki einhverja unga konu (of gömul til að vera Jósefína, of ung til að vera Anna Spiegel) sem haldið er í helgreipum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir, <http://steinunninga.wordpress.com/>

